

30. apríl 1971.

141

Nr. 65.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. janúar.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. janúar til 31. desember, og greiðist iðgjaldið fyrirfram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til 31. desember næstan á eftir, þannig að tryggingartímabil allra ökutækja miðist við almanaksárið. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggð í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. maí 1971.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 48 23. febrúar 1944 og nr. 63 3. maí 1947.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1971.

Auður Auðuns.

Baldur Möller.

6. apríl 1971.

Nr. 66.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi skólaárið 1971—1972.

1. Við ákvörðun um stundaskrá skyldunámsins skólaárið 1971—1972 skal miða við eftirfarandi ramma, er tilgreinir þann meðalfjölda kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri.

B 19

Endurprentað blað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.